



ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ

REYNIR SANTOS

HVAÐ ER KARATE ?

KARATEDEIÐO GERPLU

Eign;

SHOTOKAN KARATEFÉLAGIÐ  
BRAUTARHOLTÍ 18, SÍMI 16288  
NNR. 7513-5009

Aðeins til útlens.

Þá er Karate-blaðið komið út, stærra og glæsilegra en nokkru sinni fyrr. Samstarf ritnefndar hefur verið með ágætum en ný ritnefnd var kosin á síðasta aðalfundi (okt.).

Margt hefur skeð í Karate-málum hér á landi síðan síðasta Karate-blað kom út. Þar þá hæst stofnun Shotokan Karatesambands Íslands en aðildarfélag þess eru: SKF, KFS og KDG. Sambandið hefur þegar staðið fyrir Íslandsmeistarasmóti í Shotokan Karate sem er einnig stórmerkur viðburður. Einnig á sambandið að sjá um komu erlendra þjálfara hingað til lands.

Vonandi er að sambandið eigi eftir að standa sig vel og stuðla að framþróun karateíþróttarinnar á Íslandi.

Í blaðinu kennir margra grasa. Þar á meðal er viðtal við Gerplu en þar með hefur blaðið haft viðtöl við öll starfandi félag á landinu fyrir utan SKF en vonandi verður ráðin bót á því í næsta blaði. Einnig eru greinar frá öðrum en úr ritnefnd og eru það miklar framfarir frá síðasta blaði.

Karate-blaðið vonar að áframhald verði á slíku og að fólk sendi greinar og hugmyndir í næsta blað sem er væntanlegt í marz.

H.H.

Ritnefnd:

Hjördís Harðardóttir.  
Sandra Grétarsdóttir.  
Steinþór Jónasson.  
Þórður Antonsson.  
Helgi Gunnarsson.

Efni:

Helgi B. Magnússon, KFR.  
Vignir Guðjónsson.  
Þórður Antonsson.  
Karl Gauti Hjaltason.  
Steinþór Jónasson.  
Hjördís Harðardóttir.  
Sandra Grétarsdóttir.

Forsíðu blaðsins hannaði: Steinþór Jónasson.

# ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ.

Fyrsta Íslandsmeistaramótið í Shotokan Karate var haldið dagana 2-3 jan.1982. Shotokan samband Íslands gekkst fyrir mótinu. Fyrri daginn var keppt í Kihon en seinni daginn var keppt í Kata og Kumite. Fór sú keppni fram í Kennaraháskóla Íslands.

Hófst mótið kl. 14.00. Aðaldómari var Ólafur Walle-  
vik 1. dan. Aðstoðardómarar voru Atli Erlendsson, Steinar Einarsson, Stefán Alfreðsson og Árni Einarsson allir 1.dan Goju Ryu.

Keppendur voru 40 frá þremur félögum SKF, KFS og KDG.

Keppnin hófst með Kata ungl-  
inga þ.e. yngri en 15 ára.

Úrslit	kyu	stig
1. <u>Árni G. Vigfússon</u>	7 SKF	11,5
2. Ómar Tryggvason	8 SKF	11,0
3. Hreiðar Gunnlaugs	6 SKF	10,5
4. Konráð Sigurðsson	7 SKF	10,5

Næst á dagskrá var hópkata. 7 lið voru frá þremur félögum.

Úrslit:	kyu	stig
1. a. <u>Karl Gauti Hjaltas.</u>	1	
b. Þórður Antonsson	3 SKF	
c. <u>Karl Sigurjónsson</u>	1	15,0
2. a. Evar Þorsteinsson	8	KDG
b. Guðmundur Halldórs.	9	11,5
c. Úlfar Sigurðsson	8	
3. a. Gísli Klemenzson	1	SKF
b. Sveinn Grímsson	4	11,5
c. Vignir Guðjónsson	3	

Lið Gauta vann með miklum yfir-  
burðum en þeir sýndu Bassai Dai.  
Í fyrstu voru lið nr. 2 og 3 jöfn  
að stigum en er þau kepptu aftur  
unnu strákarnir frá Gerplu sem er  
mjög vel af sér vikið þar sem þeir  
eru allir byrjendur.

Þá var komið að Kata kvenna.  
Þátttakendur voru 7, 6 úr SKF og  
1 frá Gerplu. Því er það tæplega  
50% aukning frá síðasta móti.

Úrslit:	kyu	stig
1. <u>Hjördís Harðardóttir</u>	5 SKF	11,5
2. <u>Sandra Grétarsdóttir</u>	6 SKF	9,5
3. Margrét Thorsteinsd.	9 SKF	9,5
4. Guðný Atladóttir	9 KDG	9,0

Greinilegt er að stelpurnar í byrj-  
endaflokkunum eru að sækja í sig  
veðrið og er það mjög gott því að  
mikill hörgull er á stelpum.

Næst var Kata karla. Keppendur voru  
13 úr öllum félögum.

Úrslit:	kyu	stig
1. <u>Karl Gauti Hjaltas.</u>	1 SKF	15,5
2. Karl Sigurjónsson	1 SKF	14,0
3. Þórður Antonsson	3 SKF	13,0
4. Guðjón B. Gunnarss.	6 KFS	11,5

Þá komu á óvart úrslitin í þrem-  
ur fyrstu sætunum. Karl, Gauti og  
Þórður voru þar í sérflokkum en þeir  
sýndu allir Bassai Dai.

Þá var komið að síðasta keppnislið-  
num en það var Kumite. Keppendur  
voru 17 frá þremur félögum.

Þetta var útsláttarkeppni. Margt  
skemmtilegt kom fram í keppninni og  
höfðu áhorfendur mjög gaman af. Þess  
má geta að áhorfendur voru um 200 en  
þeim fjölgaði mjög þegar keppni í  
Kumite hófst. Sérstaklega er eftir-  
minnileg viðureign Sigurðar Sverris-  
sonar og Þórðar Antonssonar þegar  
Þórður sparkaði Sigurði út af með  
yoko-geri. Margar aðrar viðureignir  
voru einnig skemmtilegar en svo fór  
að sigurvegari varð Karl Gauti Hjalta-  
son eftir keppni um fyrsta sætið við  
Karl Sigurjónsson. Í keppninni um  
þriðja sætið varð Þórður Antonsson  
hlutskarpastur þrátt fyrir að ekki  
væri séð fyrir hvort hann gæti keppt  
eftir heldur harða útreið hjá Víkingi  
Sigurðssyni. En allt fór vel og  
það þrátt fyrir nokkur glóðaraugu,  
skrámur og kjaftshögg. Í fjórða sæti  
varð Gísli Klemenzson. Ein stúlka  
tók þátt í Kumite og stóð sig með  
ágætum.


Bikarhafi félaganna varð Shotokan  
Karatefélagið með 63 stig og fékk  
fallegan bikar til varðveislu.  
Gerpla varð í öðru sæti með 7 stig og  
Karatefélag Selfoss með 5 stig í þriðja

# REYNIÐ SANTOS

Reynir Z. Santos er fæddur árið 1943 í Manila á Filippseyjum. Í unga aldri byrjaði hann að æfa karate en á Filippseyjum færðu kennslu í ýmsum greinum t.d. karate, júdó, boxi og arnes í staðinn fyrir leikfimikennslu hjá okkur. Eftir skólann er síðan valin ein grein til að halda áfram með í háskóla. Santos valdi sér karate. Er hann var spurður hvers vegna hann valdi karate en ekki eitthvað annað, svaraði hann: "Ég valdi karate vegna þess að ef við miðum við júdó t.d. þá er leikurinn rétt að byrja þegar maðurinn er döttinn í sólflið en í karate er leikurinn þá búinn."

Við látum Santos hafa orðið er hann segir frá karateferli sínum: Eftir skólann fór ég í einkaklúbb og lærði þar hjá sensei Litó og náði þar 3. dan '62. Ég gekk síðan í bandaríska herinn og kenndi karate víða um Bandaríkin og endaði á Keflavíkurflugvelli þar sem ég var einnig að kenna karate. Meðal annars kom ég hér fram í söðvarpi á árunum '68-'69. Í ágúst '70 sýndi ég á fyrsta afmáli

Júðófélags Ármanns. Á sama ári flutti ég í Biskupstungur í Arnes-sýslu og kenndi þar karate í 8 mánuði í félagsheimilinu á staðnum. Til Reykjavíkur flutti ég '71 og vann hjá Landssímanum sem radió-taknir en ég er lærður útvarpsvirki. Í Reykjavík byrjaði ég ekki að kenna karate fyrr en á árinu '72 og kenndi þá í húsnæði Júðófélags Reykjavíkur sem þá var í Skipholtinu. Þar æfðu um 45 manns til að byrja með og meðal þeirra voru Haukur og Hörður sem eru frumkvöðlar Kimewaza-klúbbsins í Rvk. Ég kenndi þeim ýmislegt og gaf þeim margar hugmyndir sem eru notaðar í Kimewaza enn í dag. Síðan flutti ég til Vestmannaeyja og byrjaði að kenna þar karate. Var mjög mikill áhugi þar. Á sama ári flutti ég aftur til Rvk og var þar í sex mánuði en flutti síðan aftur til Eyja '74 og stofnaði Karatefélag Íslands. Hafnið valdi ég á félagið með framtíðina í huga þegar það myndi ná út um allt Ísland. Í Eyjum gráðaði ég hest 6. kvu. Til Reykjavíkur flutti ég síðar aftur árið 1975 og þar hélt ég áfram með Karatefélag Íslands sem



Þessi mynd af Jantosi er tekin í Laugardalshöllinni í Reykjavík.


Ég hefði stofnað í Vestmanna-  
eyjum. Svasta efningin var 23. okt  
'75 í Grætarholtinu. Þar byrja-  
ðu meðal annars Þorl Siguríonsson  
Gunnar Gunnarsson og Sigurður  
Sverrisson en þeir öfa allir  
enn í dag. 1977 batti síðan fél-  
agið vegna fjárhorts.  
Í maí '79 var félagið síðan endur-  
stofnað og var ég þá fenginn til  
að kenna um haustið en um vorið  
'80 batti ég kennslu hjá félaga-  
inu.

En nú er ég á leið til Ísafjarð-  
ar og ætla að setiast þar að.  
Ég hef ekki hugsað mér að stofna  
félag þar en soti hugsað mér að  
hafa klúbb eða skóla.


Að lokum var Santos spurður  
hvort hann ætlaði að öfa karate  
í framtíðinni. Hann svaraði:  
"Isn't that the way of life?"

B.A.

Það skal tekið fram að Santos  
á miög erfitt með að tjá sig vel  
á Íslensku og hefur því ýmislegt  
sem hann sagði verið lítillega  
breytt og staðfært.



Sensei M. Suzuki 10.dan Seibukan Karate,  
6.dan Júðó, 5.dan Kendo og 5.dan Akido.



# 6 HVAD ER KARATE ?

Í nóvember síðastliðnum fóru tveir blaðamenn Karate-blaðsins í bæinn og spurðu vegfarendur nokkurra spurninga. Fyrsta spurningin var: Hvað er karate?

Ef fólk vissi hvað um var verið að ræða var það spurt fleiri spurninga s.s. hvort það langaði til að æfa íþróttina, vissi hvort að karate væri kennt á Íslandi o.s.frv.

Viðbrögð fólks voru margvísleg, flestir virtust þó hafa einhverja hugmynd, sérstaklega yngri kynslóðin. En hvað um það, arangurinn sést hér á eftir:

Anna Halla Jóhannesdóttir, 23 ára:

Árásariþrótt. Er íþrótt að vissu leyti en ekki íþróttahugtak. Flokkast undir íþrótt þar eð það heldur þér í formi. Gæti aldrei hugsað mér að æfa.

Jóhanna Þórhallsdóttir, 60 ára:

Er það ekki einkennilegur karakter eða sérstakur persónuleiki?

Ásdís Þórðard. og Hrafnhildur Geirsdóttir, 15 ára:

Íþrótt. Sjálfsvörn. Langar ekki að æfa. Karate er samt ekkert frekar fyrir stráka.

Flosi Magnússon, 24 ára:

Japönsk sjálfsvarnariþrótt. Eft til að byggja upp líkamann og til að vera vel á verði gegn náunganum. Hef áhuga en dríf mig ekki. Held að Karate sé kennt í Reykjavík.

Jóhann Friðjónsson, 53 ára:

Japönsk glímuíþrótt afbrigði af Júdo. Tel það vera íþrótt.

Guðmundur Björnsson, 85 ára:

Það veit ég ekki. Þetta er útlenskt orðog það er ekki nógu gott. Eru ekki til nein rit fyrir almenn- ing til að lesa og fræðast um þetta?

Eyþór Kolbeinsson, 14 ára:

Það veit ég ekki. Jú, það er einhver íþrótt. Slagsmálaíþrótt. Væri til í að æfa.

Jón Gísli Ragnarsson, 14 ára:

Eitthvað svipað og Júdo. Karate er íþrótt. Meiri harka í Karate en Júdo. Ætlaði einu sinni að byrja að æfa.

Kristín Ólafsdóttir, 10 ára:

Einhverskonar íþrótt. Glímuíþrótt. Bæði fyrir konur og karla.

Anna Margrét Bjarnadóttir, 18 ára:

Er það ekki einhver sjúkdómur? Eitthvað í sambandi við magasýrurnar og getur valdið heilaskemmdum. Æ, annars veit ég það ekki.

Af þessu má glögglega sjá að almenningur veit ekki mjög mikið um karate. Flestir viðurkenna það þó sem íþrótt en vita varla meira. Eruð þið með einhverjar hugmyndir um hvers vegna fólk veit svona lítið? Hvernig má reyna að fræða almenning betur? (Svar sendist í næsta tbl. Karate-blaðsins)

# FRÉTTIR FRÁ SKF:

NÓVEMBER '81:

Það gerðist helst markvert í nóv. að haldið var haustmót SKF. Til mótsins var boðið keppendum úr KDG, KFS og auðvitað mættu SKF menn til leiks. Sveinn Grímsson vann Kumite, Kata karla vann Guðjón B. Gunnarsson KFS, Kata kvenna vann Hjördís Harðardóttir SKF og Kihon vann Lárus Aðalsteinson. úr SKF en nánar er greint frá þessu móti annarsstaðar í blaðinu.

Shotokan Karatesamband Íslands var stofnað 28. nóv. og er grein um sambandið annarsstaðar í blaðinu.

DESEMBER '81:

Ólafur Wallevik sem þjálfaði í sumar kom aftur hingað 19. des. Ólafur náði 1. dan í haust. Var æft dævel milli jóla og nýárs. Próf var í Gerplu 28, SKF 29 og á Selfossi 30. des. Ólafur dæmdi nokkuð strangar en við höfum átt að venjast eða þá aðstæður eru aðrar og verri.

JANÚAR '82:

Íslandsmeistaramótið var haldið 3. jan og varð Karl Gauti Hjaltason Íslandsmeistari í Kata, Hópkata og Kumite. Karl Sigurjónsson var ásamt Þórði Antonsyni með Gauta í hópkata. Íslandsmeistari kvenna í Kata varð Hjördís Harðardóttir og í unglingsaflokki Árni G. Vigfússon, öll auðvitað úr SKF.

ÁETLANIR SKF Á NÆSTUNNI:

Undanfarið hálf tveggja árum hefur verið annatími hjá SKF og líkur eru til að svo verði einnig komandi mánuði.

Martin Burkhalter 2. dan er væntanlegur til félagsins 16 feb. n.k. Burkhalter er frá Sviss en hann er m.a. þjálfari norska landsliðsins í Karate. Hann er alþjóðadómari og heldur dómaramámskeið víða svo það kemur sér ábyggilega mjög vel að fá þennan mann.

Steve Cattle er ávallt fús til að koma hingað og ef aðstæður og fjárhagur leyfa verður hann á dagskrá í mars-apríl.

Um páskana (í apríl) er til athugasemjar að fá stóran hóp frá Þrándheimi í Noregi, jafnvel allt að 30 manns og þar af sex 1. dan. Þá er áætlað að halda keppni milli Reykjavíkur og Þrándheims með þátttöku SKF, KFR og jafnvel hinna félaganna á Reykjavíkursvæðinu KDG og KDS. Fyrir utan þá beinu sveitakeppni á milli Þrándheims og Reykjavíkur væri einnig hugsanlegt að halda opna keppni í Kumite og jafnvel Kata þar sem allir mættu keppa en í kata væru það bara Shotokan því að allir þeir sem kæmu frá Þrándheimi væru í Shotokan.

Að lokum má nefna að ekki er ætíunin að gleyma vormóti SKF en vonandi verður hægt að troða því einhversstaðar inn í viðburðarrásina.

## AUGLÝSING!

Þeir sem ætla á æfingabúðir í London 3-7 og/eða 10-14 maí í vor skulu sem fyrst hafa samband við stjórn SKSÍ.

Einnig er áætlað að æfingabúðir verði í Þrándheimi í Noregi 14-22 júní og eru menn beðnir um að hafa það á "bak við eyrað".

Að síðustu eru æfingabúðir í Svíþjóð líklega seinna í júní en þar er ekki keppni eins og í búðunum í Noregi. Allsstaðar eru gráðupróf. Lágmarkskunnáttu er krafist þ.e. nokkurra mánaða æfingu.

# KARATE DEILD GERPLU

Karatedeild Gerplu er yngsta starfandi karatefélagið a.m.k. á Reykjavíkursvæðinu. Deildin hefur aðstöðu í hinu glæsilega húsi Gerplu í Kópavoginum.

Eftir að hafa virt fyrir okkur húsakynninn settust við í kaffistofu félagsins eða félagsherbergi eins og Gerplumenn vilja kalla það. Viðmælendur okkar voru Sveinbjörn Imsland, Karl Gauti Hjaltason og Vignir Guðjónsson. Sveinbjörn er formaður félagsins en Gauti og Vignir meðstjórnendur.

Þeir félagar höfðu alltaf haft áhuga á að stofna karatedeild í Gerplu eða síðan fyrir rúmum 2 árum þegar KFI æfði þar í nokkurn tíma. Staðsetningin er mjög góð því þangað sækja bæði Breiðhýltingar og Kópavogsbúar.

Ekkí er búið að stofna félagið formlega en fyrsta byrjendanámsskeiðið var haldið í sept. s.l. Nú eru um 50 félagar þar af 30-40 sem æfa reglulega. Aðeins ein stelpa æfir. 2 flokkar eru meistaraflokkur (eldri) og unglingsflokkur. Gerplu hefur haldið mjög vel á félögum sínum. Ástæðuna fyrir því sögðu þeir hvað það væri góður mórall í félaginu. Þar sem að fáir æfa kynni fólki betur. Karatefólk í Gerplu er mjög áhugasamt og duglegt og sést það best á árangri þeirra á Íslandsmeistara mótinu svo og á mótinu í nóv. s.l. en þar voru félagar úr Gerplu í 3. og 4. sæti í Kihon eftir aðeins nokkurra vikna æfingu. Á Íslandsmeistaramótinu varð lið úr Gerplu í 10. sæti í hópkata sem er stórkostlegt afrek. Þeir skutust upp fyrir fólk sem hefur jafnvel æft í mörg ár. Margir hafa áhuga á að fara til Englands á æfingabúðirnar í vor þannig að áhuginn er greinilega mikill.

Eins og áður hefur verið nefnt er aðstaða þeirra Gerplumanna með ágætum. Salurinn er heldur lítill og innilokaður en hann er miðaður við 12 manns. Það mun hófætast

bráðlega er þeir flytja í stærri salarkynni. Hreinlætisaðstaða er góð, þeir hafa 2 sturtur og ljósabekk. "Svo er sjoppa niðri" skýtur einhver inn í. Að ógleymsdu félagsherberginu en það er stór plús að hafa einhvern stað til að koma saman á og spjalla saman eftir æfingu. Mikið er gert fyrir félagan innan Íþróttafélags Gerplu. Haldnir eru fagnaðir o.fl. og einnig má geta þess að félagar fá 10% styrk til utanfara.

Þjálfarar deildarinnar eru þrír, þeir Vignir, Gauti og Sveinbjörn, en Vignir hefur séð mest um kennslu.

KDG er eitt af þremur félögum sem mynda SKSÍ. Í stjórn sambandsins á nú sæti Guðmundur Halldórsson úr Gerplu.

Stofnuð hefur verið ritnefnd í Gerplu. Í henni eru: Ævar, Úlfar, Guðmundur, Guðný, Einar og Vignir. Ástæðan fyrir stofnun ritnefndar sögðu þau vera að heildin hefði viljað gefa út blað. Áætlað er að blaðið komi út í febrúar. Gefa á út u.þ.b. 50 eintök. Í blaðinu á að vera kynning á starfsemi deildarinnar, hvað sé að gerast í hinum félögunum og hvað sé yfirleitt að gerast í karate. Þau ætla að reyna að hafa blaðið 20-30 síður ef nóg efni fæst. Við spurðum Guðnýju Atladóttur hvers vegna hún hefði farið í ritnefnd: "Bara, ég var valin af fólkinu. Þeir sem mættu best voru valdir".

Lokaorð:

"Þetta er besta félagið. Góður mórall. Félagið á ábyggilega góða framtíð fyrir sér. Strákarnir hérna eru mjög efnilegir og mikil framtíð í þeim ef rétt er að málum staðið."

Það gleymdist að geta þess að deildin hefur gefið út kata-bækling með fyrstu kata, Heian Shodan. Áætlað er að gefa út allar Heian köturnar.

S.J. og H.H.

# IO NÓVEMBERMÓTIÐ

S.K.F. gekkst fyrir móti í miðjum nóvember s.l. og bauð til þátttöku öllum hinum Shotokan félagunum.

Þátttaka var geysileg og var því að þakka að fundin hafði verið upp ný keppnisgrein, KIHON (undirstöðuatriði), þannig að byrjendum bauðst þátttaka í fyrsta skipti. Keppendur voru 56. Frá Gerplu komu flestir þátttakendur eða 26, frá S.K.F voru 24 og Selfoss rak lestina með 6 keppendur. Stúlkur voru 7 en drengir 49.

Urslit í Kihon: stig:  
1. Lárus Aðalsteinsson SKF 22,0  
2. Ómar Tryggvason SKF 21,0  
3. Úlfar Sigurðsson KDG 19,5  
4. Guðm. Halldórsson KDG 18,0  
Þátttakendur voru 44.

Næst var keppt í Kata kvenna. Keppendur voru aðeins fjórir, þrír frá SKF en ein frá Gerplu.

Urslit: stig:  
1. Hjördís Harðard. SKF 22,0  
2. Sandra Grétarsd. SKF 19,5  
3. Elín E. Grímsd. SKF 18,0  
4. Guðný Atladóttir KDG 17,0

Vonandi eykst þátttaka kvenfólks í Kata-keppninni nú í mótinu um jólin því margt efnilegt kvenfólk er í 3. fl.

Urslit í Kata-kvenna komu varla neinum á óvart, nema hvað Sandra náði að krækja sér í annað sæti. Margir höfðu að orði hve stúlkur félagsins hefðu batnað stórlega við komu Steve Cattle og er það hverju orði sannara að annað var að horfa á kvenna Kata nú en í vor.

Næst var keppt í Hópkata, sem einnig er ný keppnisgrein hér á landi en víða þekkt úti. Aðeins kepptu 3 lið og urðu úrslit þannig að í fyrsta sæti

urðu Hjördís, Elín Eva og Sandra með Heian Sandan, en í öðru sæti Elís (KFS), Guðjón og Dagur (SKF). Hér var mjótt á mununum eða aðeins 0,5 stig og var því um að kenna að strákarnir voru ekki eins "skipulagðir" og stelpurnar.

Í þriðja sæti urðu síðan Hreiðar, Oddur og Björn allir í SKF.

Næst var komið að Kata karla. Þátttakendur voru 13.

Urslit:

stig:  
1. Guðjón Gunnarss. KFS 21,5  
2. Sveinn Grímsson SKF 20,0  
3. Elís Kjartansson KFS 18,5  
4. Hreiðar Gunnlaugs. SKF 17,5  
Selfoss stóð sig því vel í Kata þegar upp var staðið og fékk þar fjögur verðlaun.

Óskandi væri að keppendur í Kata greinunum tækju sig nú til og lærðu fleiri Kata en Heian Sandan fyrir næsta mót, engu líkara var en að það væri eina Kata sem fólkið hefði lært.

Að lokum var komið að Kumite. Keppendur voru 10. Tveir frá KFS en allir hinir frá SKF. Sigurvegarnir frá síðasta móti létu ekki sjá sig, Guðmundur Gunnarsson sem varð í fyrsta sæti og Sigurður Ólafsson sem varð í öðru sæti. Víkingur Sigurðsson sem lenti í 3 sæti var forfallaður vegna meiðsla en fylgdist með af áhuga.

Þrír kepptu um efstu sætin í úrslitum, þeir Sveinn Grímsson 4.kyu, Kristinn Ragnarsson 7.kyu og Dagur Hilmarsson 7.kyu allir úr SKF. Sveinn hafði áður unnið Hjörleif Gunnarsson með awased Ippon, mjög örugglega. Kristinn hafði fyrst unnið Björgvin Hallgrímsson með awased Ippon og síðan Elís Kjartansson með waza-ari. Dagur hafði unnið Ágúst Österby KFS waza-ari og síðan Björn Sigþórsson einnig waza-ari.

Fyrst kepptu þeir Kristinn og Sveinn í úrslitum, kom nokkuð á

Óvart hve lengi Kristinn virtist standa í "Tröllinu" en Trölllið náði þó awased Ippon í lokin. Kristinn vann síðan Dag með waza-ari og í lokin sigraði og innsiglaði Trölllið sigur sinn með enn einu awased Ippon yfir Dag. Hetja Keppninnar varð því Kristinn Ragnarsson 7.kyu úr SKF sem náði öðru sæti, Sveinn Grímsson 4.kyu lenti eigi óvænt í 1. sæti en Dagur Hilmarsson 7.kyu náði 3. sæti.

Þegar upp frá mótinu er staðið:

SKF	6 gull	5 silfur	2 brons
KFS	1 gull	2 silfur	1 brons
KDG	0	0	1 brons

Það sem kom mér undirrituðum mest á óvart var sú litla þátttaka úr SKF. Þegar Gerpla sendir 26 byrjendur taka aðeins 14 manns

þátt í Kihon úr þremur flokkum sem telja um 70 manns en vonandi fáum við að sjá þetta fólk á jólamótinu. Einnig var furðulegt hve fáir komu frá Selfossi. Vitað er að þar æfa um 35-40 manns en aðeins 6 tóku þátt í mótinu. Það virðist sem það hafi gleymst hjá mörgum að mót eru ekki bara haldin til að útnefna sigurvegara heldur er þetta dýrmæt reynsla fyrir alla og sú reynsla á eftir að koma sér vel í mótum framtíðarinnar, einnig ætti það að vera keppikefli hvers félags að senda sem flesta keppendur, svo ég segi í lokin "Til hamingju Gerpla" því Gerpla varð sigurvegari í aðal keppnisgreininni þ.e. áhuganum.

K.G.H.

## STEFNUSKRÁ S.K.S.Í.

1. Aðild að S.K.S.Í. geta öll félög fengið sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Iðla Shotokan Karate.
- Starfa á Íslandi.
- Eru skráð félög og starfa sem lýðræðisleg samtök.
- Hafa fleiri meðlimi en 10.

Að lokum skal stjórn S.K.S.Í taka ákvörðun um aðildina.

2. Aðalfundur er æðsta vald S.K.S.Í. en á aðalfundi er:

- Fjármál ársins skoðuð.
- Stjórn kosin en í henni eiga sæti: formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari og tveir meðstjórnendur. Sá fyrirvari skal vera á kosningu stjórnar að þegar kosningu lýkur í fjögur fyrstu embættin skal það félag sem engan hefur fengið í stjórn fá mann í síðasta embættið án kosningar ef enginn úr sama félagi býður sig fram á móti honum.
- Önnur mál rædd og ákvarðanir teknar.
- Stefnuskrá endurskoðuð.

Á aðalfund skulu mæta minnst 20 manns til hann teljist löglegur. Hann skal auglýstur með tveggja vikna fyrirvara í öllum aðildarfélögum. Fundurinn skal haldinn í janúar ár hvert.

3. Meðal verkefna S.K.S.Í. er:

- Halda Íslandsmót í Shotokan Karate árlega seinni part árs.
- Vinna með öðrum Karatesamb. héraendis sem erlendis s.s. með keppnir og samstarf af öllum toga.
- Vinna með íþróttahreyfingunni í landinu.
- Útbreiða íþróttina um landið.
- Sjá um útgáfustarfsemi sem eru í samræmi við reglur erlendis (keppnisreglna)
- Sjá um komu erlendra þjálfara til landsins a.m.k eins á ári og áfingabúða með honum.
- Afla upplýsinga um keppnir og áfingabúðir erlendis og aðstoða nemendur og upplýsa í því.
- Velja landsliðið í Shotokan Karate.

4. S.K.S.Í. skal rekið með fé úr aðildarfélagunum og fara framlög eftir nemendafjölda. S.K.S.Í. skal þó reyna að standa undir sér sjálit.

## GOJU-RYU OG SHOTOKAN.

Tveir útbreiddustu og algengustu karatestíllarnir í heiminum eru Shotokan og Goju-Ryu. Þeir komu báðir fram á Okinawa-eyju seint á 19. öld í nálægt því núverandi mynd.

Hvor stíllinn um sig hefur tvö aðalafbrigði. Upphafismaður Goju var Chojun Miyagi sem stofnaði Okinawa Goju en fremsti nemandi hans og hæst gráðaði karatemaður í heiminum er Yamaguchi Gogen lo.dan sem er stofnandi japanska Goju-Kai. Mismunurinn er harla lítil. Stofnandi Shotokan var Funakoshi Gichin en hann var fyrsti karatemaður sem kom til Japan árið 1922. Annað afbrigði er Shotokai sem kom fram seinna. Iðkendur Shotokai æfa ekki ju-kumite og taka ekki þátt í keppni. Telja þeir hana gervilega og hættulega.

Goju þýðir hart/mjúkt og eins og nafnið bendir til er stíllinn byggður á samvirkni eða beitingu andstæðna, t.d. mjúk blokk/hörð högg, hraðar og hægar hreyfingar til skiptis í kata, spennu og afslöppun, innöndun/útöndun, spörk/högg, uppi/niðri o.s.frv.

Goju er hannaður fyrir bardaga í návígi frekar en keppni og notar tiltölulega stuttar, lágar stöður, mikið opnar hendur, köst og sóp, lág spörk í nára eða hné, fingurtækni, hné og olnboga. Má þannig greina áhrif Suður-kínverskra hnefaleika.


Kata eru mikilvægar í Goju en þær eru töluvert ólíkar Shotokan kata. Þar er mest um vert hve hraðinn er breytilegur og tekur lengri tíma að ná réttum takti í Goju kata en í Shotokan. Hægu hreyfingarnar eru stundum gerðar með Ibuka-öndun sem er áþekkt hásu urri á að hlýða. Sumar Goju kata eru geysiöflugar til vöðvaþjálfunar, t.d. Sanchin og Tensho.

Shotokan er langdrægur hraðastíll sem byggist að miklu leyti á Norður-kínverskum hnefaleikum. Shotokan notar að jafnaði lengri stöður en Goju og spörk eru hærri og meira notuð. Shotokan er einfaldur og kraftmikill stíll þar sem mikil áhersla er lögð á að snúa mjöðmunum og spyrna vel með aftara fæti þegar kýlt er, sterka og breiða stöðu og notkun harðra og sterkra blokkeringa til að brjóta jafnvægi andstæðingsins og jafnvel brjóta hann í orðsins fyllstu merkingu.

Eins og í Goju leggur Shotokan mikla áherslu á kata. Þær eru kraftmiklar og fallegar á að horfa og í sumum þeirra eru stökk og snúningar sem sýna tengsl þeirra við N-kínverska stíla. Shotokan hefur lagt mikla áherslu á ju-kumite og keppni síðan Yamaguchi fann það upp eftir stríð og er nú einn mesti keppnisstíllinn. Shotokai hins vegar er á móti keppnum eins og áður segir.

Goju og Shotokan hafa verið í fararbroddi í útbreiðslu karate um heimsbyggðina og munu sjálfsagt vera það lengi enn. Hitt er þó að þótt að hér hafi mest verið talað um það sem aðgreinir stíla þá er hitt miklu fleira sem er eins eða nauðalíkt og ætti smámismunur ekki að koma í veg fyrir samvinnu karatemanna frá báðum stílum.

HBM, KFR.



# Slúður-síðan!

Þær fréttir hafa verið að berast Slúður-síðunni að nú væri Gerpla að undirbúa útgáfu karateblaðs. Það lítur því út fyrir að baráttan sé stöðugt að aukast á karateblaðamarkaðinum og fer hann að öllum líkindum að verða mettaður.

Sú saga barst til eyrna eins Slúður-fréttaritara um daginn að um eða skömmu fyrir 1970 hafi verið staddir hér á landi tveir Asíumenn að kenna Júðó. Í hjáverkum kenndu þeir einnig Karate enda voru þeir 1. og 2. dan. Gaman væri ef einhver vissi meira um þessi bernskuár Karate á Íslandi.

Svo fór að lokum að róttæki armur Selfosslíðsins var hrakinn í burtu úr félaginu og gerðist það fyrir stuttu þó óvíst sé að rekja megí atburðina á þrettándanum beint til brottrekstursins.

Íslandsmeistaramótið í Shotokan Karate er enn flestum í fersku minni og skemmtilegustu glímurnar líða örugglega seint úr hugum áhorfenda. Allir muna eftir því þegar Þórður sparkaði Sigga út af en færri vita að nú æfir Siggí Toby-geri daglega og ætlar að koma fram hefndum fyrr eða seinna.

Víkingur sem athygli vakti fyrir vasklega framgöngu og beitti fyrir sér ýmsum íþróttagreinum s.s. júðó, glímu, kimewaza og jafnvel hreyfilið að mati kunnugra á Ísl.meistaramótinu hefur nú fengið tilboð um kennarastöðu í ónefndum sjálfsvarnarklúbb hér í Reykjavík. Aðrar fregnir herma að sumar glímurnar hafi verið svo viðburðasnaugar að þurft hefði að vekja stóran hóp áhorfenda í lok keppinnar.

Mjög svo óljósar og óstaðfestar fréttir herma að stofnun byltingaráðs sé hafin í Gerplu. Hlutverk þess er enn nokkuð óljóst en talsmenn þar segja að það komi bráðlega í ljós.

## HOW KARATE CAN BE USED AROUND THE HOUSE


NO MORE CAN OPENER



NO MORE SKILLET



NO MORE HAMMER



NO MORE SAW



NO MORE CHISEL



NO MORE WORK



## MEIRA UM KARATE.

Karate (tóm hönd) er byggt á kínverskri tækni sem er dregin af íþróttinni Chuan-fa (Kenpo) frá 16. öld. Íþróttin þróaðist meðal vopnlausra íbúa Okinawa til varnar gegn japönskum kúgurum um 1500. Síðan um 1920 flutti Funakoshi Gichin, höfundur nútíma karate, greinina til Japan, betrumbætti hana og bjó til keppnisreglur. Algengustu stílar í karate eru: Shotokan, Goju-ryu, Wado-ryu, Shito-ryu og Kyokushinkai en þeir leggja hver um sig mismunandi áherslu á hraða, kraft o.s.frv. Aðrar tegundir eru t.d. Gojokai, Shotokai, Wado-kai, Kanshin-ryu og Yoseikan-ryu. Hernaðarafbrigðið Tae kwan-do er kóreanskt og svipar til Karate. Hliðstætt því er Kung-fu í Kína en þar er það mjög vinsælt og er þjóðaríþrótt þar í landi. Helstu Kung-fu stílar eru: Wu-Shu, Shaolin, Wing Chun og að ógleymdu Jeet Kune Do sem hinn heimsfrægi Bruce Lee þróaði.

Bretar urðu fyrstir til að vinna Japani í karate í heimsmeistarakeppninni í París 1972. Þeir sigraðu einnig í keppninni á Long Beach í Kalifornía og hafa unnið mjög vel á í karate. Einnig unnu Bretar heimsmeistarakeppnina í Tokyo 1977.

### Titlar:

Einn maður hefur þrívægis orðið japanskur meistari í karate. Hann heitir Takeshi Oishi 5.dan og var meistari árin 1969-71.

David "Ticky" Donavan 4.dan er eini Bretinn sem hefur orðið Bretlandsmeistari þrisvar sinnum í röð frá 1973-75.

Hæst gráðasti maður í heimi sem heimildir telja er meistari (mystical master) Gogen "Cat" Yamaguchi. 10.dan í Goyu-ryu. Hann er prófessor í kumite og kata.

V.G.

## S.K.S.I.

S.K.S.I. var stofnað 28.nóv 1981 og var þá kosin bráðabirgðastjórn sem skipuleggja skyldi fyrsta Íslandsmeistaramótið í Shotokan Karate og tókst það verkefni með ágætum. Fjármagn fær sambandið úr félögunum eftir félagafjölda en ráð er fyrir því gert að sambandið standi undir sér sjálft með því að halda mót og sýningar. Aðalfundur félagsins verður haldinn seinna í janúar. Það sem er aðallega óákveðið hjá sambandinu er hvort það eigi að standa fyrir kostnaði í sambandi við komu

erlendra þjálfara og þarf það mál rækilegrar umfjöllunar. Í fyrstu stjórn S.K.S.I. eru Karl Gauti Hjalta-son formaður, Karl Sigurjónsson varaformaður, Þórður Antonsson gjaldkeri, Elís Kjartansson ritari, Vignir Guðjónsson og Guðjón B. Gunnarsson meðstjórnendur.

Stjórn S.K.S.I.

# Tai Ji

Til að gefa lesendum hugmynd um þessa íþrótt þá eru í Tai Ji æfðar kata sem svipar til kata í karate nema hvað þær eru gerðar 3-4 sinnum hægar og lítur jafnvel út sem hreyfingarnar séu gerðar í svefni. Einnig er það góð lýsing að allar hreyfingar í Tai Ji fara fram eins og á færibaldi, engir rykkir eða stöpp heldur stanslaus atburðarás ólíkt blokkeringum í karate.

Einnig má taka það fram til gamans að í Kína er íþrótt þessi mjög vinsæl og fer fólk út í garða sína á morgnana til Tai Ji æfinga og þykir sjálfsagt þar í landi.


Það mun vera stefna þessa blaðs, meðal annars, að kynna ýmsa karatestíla og hliðaríþróttir karate.

Hér ætlum við að kynna eitt stílafríggðir Kung-fu: Tai Ji.

Kung-fu skiptist í tvær megingreinar, harða sem kallast Shaolin og mjúka sem kallast Wuzang. Tai Ji er einn stíll sem greinist frá Wuzang og einn útbreiddasti Kung-fu stíllinn.

Tai Ji byggir upp á gamalli kínverskri hreyfihugleiðslu sem þjálfar jafnvægi og samhæfni líkamans.

Margir karatemeistarar æfa Tai Ji til að öðlast meiri mýkt í hreyfingar sínar, þar á meðal Kawasoe 6.dan og Oghami 5.dan.



Tai Ji æft.

## SVOLÍTID UM KARATE Í SVÍPBJÓÐ

Í Svíþjóð er starfandi stórt Budosamband en Budo er samheiti á austurlenskum sjálfsvarnar og bardagaíþróttum s.s. Júdo og Karate. Budo sambandinu er síðan skipt niður í smærri sjálfstæðar deildir og er Júdo stærst ennþá en nú horfir svo að Karate er að vaxa upp fyrir Júdo, einnig eru Jui-juitsi og Akido-deildir.

Karate hefur nú 7400 meðlimi og er Shotokan langstærst með 2300 meðlimi, síðan kemur Kyokushinkai með 1600, Wado-ryu 820, Kung fu 470 og Shito ryu með 418 meðlimi en aðrir stílar minna.

Karateklúbbar í Svíþjóð eru 123. Ef miðað er við fólksfjölda þá ættu 210 manna að stunda karate á Íslandi ef miðað er við Svíþjóð en í raun og veru æfa um 500 hér.

# KARATEMEISTARINN

Begar ég var í skóla var ég minnstur í minum <sup>hækk</sup> og allir voru að brekkja mig, meira að segja stelpurnar gengu í skrokk á mér. Begar ég varð eldri endurtók sagan síð eftið. Ég var allsstaðar gerður að viðundri, barinn, út-skófaður og uppnefndur. Líkamelega var ég alveg í rúst og gat mér litla björg veitt ef á mig var ráðist, kíföttur, innskeifur, bakveikur með innfallinn brjóstkassa. Mitt átti ég mér leyndarmál á þessum árum og á enn en það eru myndir af karlmönnum með stóra vöðva, oftlega sat ég og virti myndir þessar fyrir mér og dreymdi um að líta bannig út. Leið mín lá ófravíkjanlega í búðir lyftingamanna, en ávöl mín bar var stutt. Því ég gat aldrei lyft stönginni og var látinn efa mig í fyrstu með kústskatti. Eftir að hafa byggt upp mitt líkamelega afl og var farinn að geta gengið langar leiðir óstuddur rakst ég á auglýsingu frá karateklúbb í Reykjavík og var ekki lengi að átta mig á að barna var einmitt mín íbrótt kominn. Ég var eins og skapaður karatekanni: "að læra að nota afl það er þú í líkamanum á réttan hátt til sjálfsvarnar". Þetta leit vel út. Í fyrsta karatetímanum sé ég að loka var ég kominn í hóp með mínum líkum; veskilegir, vöðvarýrir, innskeifir og halðnir meinlegri minniáttarkennd eins og ég. Þljótlega lærði ég Sotouke og Kamae og fór strax að efa mig á mömmu en hurfti að þetta því fljóttlega eftir að hún útvegaði sér nunchaku.

Í sefnsframt æfingunum minni átti ég veðingarnar niður í tvo pakka á dag og í karate-partíunum lærði ég að drekka. Eftir byrjendana skeiðið fór ég í próf og náði fyrsta beltinu, eftir það gekk ég með það dags daglega við allar buxurnar mínar. Eftir prófið hötti mér nóg lært og hatti, en efði mig hó nokkrum sinnum heima

í stofu eftir það, bannig að ég hélt mér í formi og missti ekki kunnáttuna niður eins og svo margir sem þetta í karate.

Nú ætla ég að segja ykkur frá því þegar ég fór í sumarfrí til útlanda og hvernig æfingarnar björguðu lífi mínu þar og vil ég skora á ykkur að læra undirstöðuatriðin í íbróttinni. Það var í fyrrasumar sem ég ákvað að fara út og fór ég einn því að mamma skammaðist sín svo mikið fyrir mig. Á hótelinu frétti ég af því að í nágrenninu væri hús þar sem þeir fóru sem vildu kynast kvenfólki. Ég hugsaði mig um í eina viku og ákvað síðan að láta til skarar skrifa því ég hafði aldrei komið nálægt kvenmanni áður, en ég var orðinn 20 ára og ef ég fari ekki að byrja á þessu lenti ég líklega eins og pabbi sem hafði verið 55 ára þegar hann átti mig, enda dó hann úr hjartaslagi áður en ég fæddist. Eftir að ég hafði skemmt mér vel og drukkið mikið fór ég inn í herbergi með einni stúlkunni. Þegar ég kom út var ég kominn í manna tölu. En þegar ég ætlaði að fara heim á hótél kom heldur betur þabb í bátinn þegar mér var sagt að ég ætti að borga drykkina og þjónustu hússins. Hei, takk eftir allt sem ég lagði á mig við að reyna við dömunu. Ég skýrði það út fyrir þeim á góðri íslensku og nokkrum vel völdum blótsyrum (sem ég hafði lært af mömmu) að nú væri ég farinn. Þá skeði það að tveir af þessum vöðva-búntum birtust og gerðu sig líklega til að ráðast á mig. Ég talaði fyrst rólega við bá og reyndi að koma þeim í skilning um að ég væri karate-meistari og sagði með hvaða beltí ég væri (að vísu dökknaði það eilítið í frásögn minni) og dró jafnvel upp skirteinið mitt, vildi ég með þessu koma í veg fyrir að ég myndi blasa þá ef þeir hefðu ætlað að ráðast á mig. Þetta virtist ekki hafa nein áhrif

svo ég stillti mér upp í djúpt Zenkutsu-dachi og gerði nokkur Gedanbara fyrir þá. "ja, þið hefðuð átt að sjá svipinn á þeim" Skelfingu lostnir réðust þeir báðir á mig en þá var ég örðinn svo breyttur í fótunum að ég datt í sólfíð svo þeir gripu í tómt og ég skreið út á milli lappanna á þeim, stóð upp og gaf þeim háðum vel útilátið ryakuzuki í bakið og batti Uraken við í lerið á öðrum þeirra. Nú voru þeir greinilega örðnir uppgæfnir og illa útleiknir svo ég bjó mig

undir að fara út, en þá gripu þeir mig og slógu mig í andlit-  
ið, tóku veskið mitt og fleygðu mér út. Ég lenti í söðu Kiba-dachi svo ég var tilbúinn til nýrra átaka, en dyrnar voru læstar svo ég lét mér nærja að sparka Mae-geri í þær, svo hrikti í undirstöðum hússins. Síðan herti ég á beltinu og gekk í Kokutzu-dachi heim á hótél.

N.N.

## RITDÓMUR: Karateblaðið 1.tbl. okt. '81.

Ef ég byrja á forsíðunni eins og lög gera ráð fyrir þá finnst mér hún frámunalega líflaus, en til afsökunar er að þetta er fyrsta blaðið svo merki félagssins er kannski ekki svo vitlaust á forsíðuna.

Ritstjórnaravarpíð er frábært og jafnvel það besta í blaðinu og kemst ritstjórnin vel frá málum með þeirri grein.

Upptalning á ritnefnd, greinahöfundum og vélriturum er með meiriháttar bröndurum sem ég hef séð.

Sandra á hrós skilið fyrir grein sína um uppruna karate, en eitt-hvað er nú bogið við heildarsögu karate og upptalningu stíla og sífellt batast við ný nöfn, gaman væri að einhver sem þekkir vel inná þetta sendi vel uppsetta grein í næsta blað þar sem hægt væri að komast að öllum upplýsingum á einum stað, núverandi upplýsingar eru heldur fátæklegar.


Eina auglýsingin í blaðinu vekur óskipta athygli vegna sérstöðu sinnar. Greinin "Hverjir efa karate?" er mjög góð og fróðleg ef maður nennir að lesa hana til enda, hún hefði verið mun betri ef blaðsíðu 7 hefði verið sleppt.

Viðtöl við félögin mælast vel fyrir, en samt finnst mér nú Akureyrarviðtalið líflegast en viðtalið við KFR mjög litlaust og nánast hrein upptalning.


Slúður-síðan gefur blaðinu vítamín og stjörnuþáin kom sér vel fyrir mig.

Í heild fannst mér vanta myndir með greinunum og fleiri höfundar mættu eiga efni í blaðið. Viðtöl við persónur sem eru í sviðsljósinu eru sífellt vinsæl og verður þar að vera framhald á. Binnis mætti hafa viðtöl við þá sem á einhvern hátt ber mikið á, en ekki endilega formenn félaga, allir vilja heyra eitthvað frá þeirra eigin brjósti.


(Gagn) - Rýnir.



Óg röðkunnungi okkar Steve Cattle.



"Óg röðkunnungi okkar Steve Cattle."



Óg röðkunnungi okkar Steve Cattle. 3. dan  
Óg röðkunnungi okkar Steve Cattle. 20 og  
Óg röðkunnungi okkar Steve Cattle. 24  
Óg röðkunnungi okkar Steve Cattle.

# NÝJUSTU FRÉTTIR!

Stuttu áður en blaðið fór í prentun var aðalfundur Shotokan Karatesambands Íslands haldinn, þ. 14. jan. s.l. Á fundinn mættu yfir 30 manns úr aðildarfélögum sambandsins. Fyrst var lesin upp stefnuskrá félagsins (birt á öðrum stað í blaðinu) og var hún samþykkt einróma.

2 reglur voru bornar upp á fundinum og samþykktar:

1. Stjórnir félaganna skulu sjá svo um að enginn fari í próf í framtíðinni nema hafa áður mætt í sínum flokki eigi minna en 65%.
2. Enginn skal kenna í aðildarfélögum SKSÍ nema að hann æfi reglulega í 1. flokki SKF, en þar er besta fánlega kennsla í Shotokan nú sem stendur svo það segir sig sjálfst að þjálfarar verða að æfa þar til að viðhalda og auka við þekkingu sína, annars teljist þeir ekki hafa til kennslu.

Þá var komið að kosningu stjórnar, því sem flestir biðu eftir. Fyrst var kosið í fjögur embætti þ.e. formann, varaformann, gjaldkera og ritara. Karl Gauti Hjaltason SKF bauð sig fram í formanns-embættið. Karl Sigurjónsson og

Matthildur Sigurjónsdóttir voru í framboði til varaformanns. Í gjaldkera var Þórður Antonsson einn um hituna. Í ritaraembættið buðu hins vegar þrír sig fram: Margrét Thorsteinsson og Hjördís Harðardóttir SKF og Guðmundur Halldórsson úr Gerplu. Úrslit fóru svo að Karl Sigurjónsson varð varaformaður, Margrét Thorsteinsson varð ritari eftir mjög spennandi kosningu en hún fékk 11 atkv. en Hjördís og Guðmundur fengu 10 hvor.

Þórður og Gauti fengu 31 atkv. hvor.

Allir stjórnarmeðlimir eru úr SKF. Því þurfti að fá einhverja úr hinum félögum, KDG og KFS, í meðstjórnendaembættin. Guðmundur Halldórsson úr Gerplu fór sjálfkrafa í framboði vegna þess að hann var í framboði um ritarastöðuna. Vignir Guðjónsson úr Gerplu var einnig í framboði. Úr Karatefélagi Selfoss buðu Guðjón Gunnarsson og Valdimar Baldursson sig fram.

Úrslit fóru svo að Guðmundur Halldórsson og Vignir Guðjónsson voru jafnir að stigum. Urðu þeir því báðir meðstjórnendur ásamt Guðjóni Gunnarssyni.

H.H og S.J.

## KARATEFÉLÖG!



Athugið: Hjá okkur fáid þið: Ljósritun  
Fjölritun  
Vélritun

Einnig fjölritun á karton í öllum litum


FLJÓTVIRK ÞJÓNUSTA

**FESTA** HAMRABORG, KÓPAVOGI. S: 45060


# MARTIN BURKHALTER 2.DAN: landlíðsþjálfari NOREGS er væntan- legur í febrúar.



Noregsmeistari 1979



Hér sést Martin Burkhalter kenna á Nor-  
egsmótinu 1979 á móti Gunnari Nordehl í  
únglitum en þeir tveir hafa verið með  
bestu mönnum Noregs undanfarin ár. Burk-  
halter varð þarna Noregsmeistari í milli-  
lunnavíð.



Martin kynnir fyrir klúbbsinn HT 1901.



Ring, ring... Hver er á línumni?